


HÖRFT TIL NORÐVESTURS SKÝRINGAMYND



AÐALSKIPULAG VESTMANNAEYJA 2002-2014



Greinargerð

1. Inngangur

Gerð var lýsing á deiliskipulagi við Bræðslu Ísfélags Vestmannaeyja, dagsett í júní 2011, í samræmi við 40 gr. skipulagslaga nr 123/2010. Lýsingin var kynnt hagsmunaaðilum og send Skipulagsstofnun til umsagnar. Bæjarstjórn samþykkti að auglýsa lýsinguna á fundi þann 21.07.2011 og lýsing á skipulagsverkefnum var auglýst til sýnis í Safnahúsinu við Ráðhúströð, hjá umhverfis- og framkvæmdasviði Tangagötu 1 og áveitsíðu Vestmannaeyjabæjar www.vestmannaeyjar.is frá 21.07.2011 til 31.08.2011. Ekki er gert ráð fyrir að framleiðslugeta verksmiðjunnar sem starfar samkvæmt starfsleyfi útfelto 4. mars 2002, verði aukin. Í starfsleyfinu er tekið á meðhöndlun hráfnis og vörnum gegn mengun s.s. loftmengun og mengun frá frárennslu. Fyrir liggur umsógn Skipulagsstofnunar dagsett 23.09.2011, þar kemur fram að Skipulagsstofnun hafi yfirfarið framliög gögn og gerir ekki athugasemdir við framliög lýsingu. Skipulagsstofnun gerði með bréfi dagsettu 25. júní 2012 athugasemdir við framsetningu í greinargerð vegna fornleifa, stærða og nýtingarhlutfall vantáð. Sá texti hefur verið leioðrettur og samræmdur texta í greinargerð og í umhverfisskýrslu sem fylgir.

2. Aðalskipulag Vestmannaeyja 2002-2014

Á aðalskipulagi 2002-2014 er svæðið merkt H-1 Hafnasvæði. Ekki er um breytta starfsemi á svæðinu, en svæðið er stækkað með uppfyllingu til norðurs og austurs og nýr viðlegukantur byggður til austurs í framhaldi af Nausthamarsbyggju í samræmi við meginmarkmið Aðalskipulagsins um að "Áfram verði áhersla lögð á ofluga úter og fiskivinnu. Aðstaða þessara greina í landi og í höfn verði eins og best verði á kosið.

3. Markmið

Megin tilgangur með deiliskipulagi þessu er að sýna og gera grein fyrir stækkun á athafnasvæði Ísfélags Vestmannaeyja í austurhöfninni og nýtingu þess. Um er að ræða svæði á nýrri fyllingu út í höfnina norðan við núverandi svæði og austan við og í framhaldi af Nausthamarsbyggju.

4. Skipulagsvæðið

Skipulagsvæðið sem er um 2,6 ha afmarkast að norðan af Nausthamarsbyggju og framhaldi hennar og nýjum fyllingum þar fyrir austan, Bæjarbyggju/Nausthamar/ Formannasund að vestan, fyllingum út í höfnina að austan og Strandveg og hraunkantinum að sunnan. Á svæðinu er Bræðsla Ísfélags Vestmannaeyja og ásamt fylgiryrmum svo sem hráefnisbróm, ketilhúsi, löndunar og flokkunarhúsi, mannaðstöðu, verkstæði samtals 7.560 m² og tveimur hráefnistönkum samtals 320 m². Austan við Bræðsluna er tankasvæði, oliusvæði með fjórum lýsis- og oliutönkum samtals 555 m². Svæðið er afgirt með fjórum lýsis- og reglugerðir segja til um. Blöðvatnstankur sem er 50 m², er sunnan við bræðsluna. Framleiðslugeta verksmiðjunnar er um 1000 tonn af hráefni á sólarhring. Vestan við Bræðsluna er mjólgeymsla 1.108 m² að stærð.

5. Almenn ákvæði á hafnasvæðum

Eins og fram kemur í aðalskipulagi 2002-2014 er svæði Ísfélagsins í austurhöfninni notað fyrir fiskimjólsmiðju og skyldan rekstur. Ísfélagið hefur uppi áform um koma fyrir mjóltönkum á athafnasvæði sínu og aukði athafnasvæði fyrir hráefnistanka og til viðbótar viðlegukant til löndunar uppsjávarfisks beint upp í verksmiðju.

Tryggja þarf góð tengsl við aðra bæjarhluta og deiliskipulagsáætlanir umhverfis löðna og gönguleiðir út á nýja hraunöð. Skipulaginu er ætlað að tryggja að áætlanir um byggingu frekari bygginga á svæðinu gangi eftir og útgáfa byggingarleyfis verði tryggð. Áherslum og stefnumörkun sveitarfélagsins sem tengjast Hafnasvæðinu verði fylgt, einnig og hvernig umhverfisfrágangi verði háttáð. Tekið verði mið af ákvæðum í Aðalskipulag Vestmannaeyja 2002-2014 á hafnasvæðinu. Skipulag Hafnasvæðisins er í umsjón Hafnastjórnar Vestmannaeyja og umhverfis og skipulagsráðs og er það háð samþykki þeirra og kröfum.

6. Byggingareitir í tillögu og notkun þeirra

Inni á skipulagsreitnum eru auk þegar byggðra bygginga gert ráð fyrir byggingareitum fyrir eftirfarandi byggingum:
-Sex mjóltönkum, 8m í þvermál og 25 m á hæð, samtals 301,6 m²
-Þremur hráefnistönkum allt að 22 m á hæð, samtals 380,0 m²
Þá er í tillögunni gert ráð fyrir að tveir hráefnistankar á fyllingunni norðan við þræmar verði hákkðar upp um 7 m og verði eins og hinir nýju tankar 22 m

7. Umferð

Aðkoma að athafnasvæðinu/gymsvæði verður um hafnasvæði frá Strandvegi að sunnan. Göngustigar tengja hafnasvæðið og Skanssvæðið með göngustigum, annars vegar frá Nausthamarsbyggju norður og austur fyrir hráefnis- og oliutankasvæðið og hins vegar með göngistig, norðan við mjólgeymslu, upp á hraun og þaðan á Skansinn.

8. Veitur

Um svæðið liggja stofnlagnir fráveitu-, rafveitu-, hitaveitu-, vatnsveitu og síma í Strandvegi og stofnveita fráveitu norðan mjólgeymslu og sunnan við löndunarhús út í sjó og vísað er í sérupprætti veitna.

9. Fornleifar

Samkvæmt fornleifafráningu Vestmannaeyja frá 2002 eru ekki fornleifar á skipulagsvæðinu, hinsvegar bendir Fornleifafernd ríkisins sbr bréf dags. 24.02.2011, á grjótagar vestan við Skansinn suðaustur af skipulagsvæðinu, sem ekki má verða fyrir raski við fyrirhugaðar framkvæmdir.

10. Nýbyggingar

Byggingareitir fyrir nýja mjóltanka er 25 x 35 m vestan við flokkunarhúsið og fyrir hráefnistanka 17x45 m norðan við núverandi hráefnistanka. Samanlagt stærð bygginga innan marks skipulagsvæðisins er 8.485m² að Strandvegi 14a og 1.108 m² að Strandvegi 18 (Mjólsmemma) og fyrirhugaðar nýbyggingar eru 682m². Samanlagt stærð verður 9.167m². Samanlagt fylling á uppfyllingarsvæðinu er: Framlenging viðlegukantans er: Stærð athafnasvæðis Fiskimjólsmiðjunnar Ísfélags Vestmannaeyja, lóð og aksturbrúttir innan svæðis er: 18.200 m² og nýtingarhlutfall 0,5



DEILISKIPULAG
ÍSFÉLAG VESTMANNAEYJA, BRÆDSLÁ
ATHAFNASVÆÐI 1:500



SKÝRINGAR

--- SKIPULAGSMÖRK	— NÚVERANDI HAFNARKANTUR
■ BÆJAR- OG ATVINNUGSVEÐI	■ ÖRYGGISPRÆR
■ ATHAFNASVÆÐI	■ VEGIRBRYGGJUR
□ BYGGINGAREITUR	□ GÖNGUST./GANGSTÉTT
■ OPIN SVÆÐI ÖRÁDSTAFAD	■ SJÖR
■ BILASTVEIÐ	■ GÖTUNÚMER

Deiliskipulag þetta var samþykkt af Umhverfis- og skipulagsráði Vestmannaeyja þann 19.9.2012

Deiliskipulag þetta var auglýst frá 25.7.2012 til 5.9.2012

Deiliskipulag þetta, sem hefur fengið meðferð og verið auglýst skv. 31. gr. laga nr. 123/2010, var samþykkt af Bæjarstjórn Vestmannaeyja þann 22.9.2012

Auglýst í B-eiðli Stjórnartíðinda þann 2012

Teiknistofa PZ ehf
Ráðgjafarverktæðipjónusta



ATHAFNASVÆÐI ÍSFÉLAGS VESTMANNAEYJA.
DAGS 05.10.11 BLAÐ 1 VERK.NR. 9714-5
LÖGJ. 14.02.12 MJÓLTANKAR/LÆKKADIR NIÐUR Í 25 m
DAGS 04.07.12 grjótagarur á uppdrátt og texti greinargerðar